

RE Ítrekuð umsagnarbeiðni - Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum

Til : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS
Frá : Iða Marsibil Jónsdóttir <sveitarstjori@gogg.is>
Heiti : RE Ítrekuð umsagnarbeiðni - Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum
Málsnúmer : 202312064
Málsaðili : Skógálfar ehf.
Skráð dags : 15.02.2024 17:06:29
Höfundur : Iða Marsibil Jónsdóttir <sveitarstjori@gogg.is>

Viðhengi

You don't often get email from sveitarstjori@gogg.is. [Learn why this is important](#)

Sæl Jóhanna,

Það hafa orðið einhver mistök þar sem sveitarstjórn hefur þegar tekið erindið fyrir, en bókun var á þessa leið, ég hélt að þetta ætti að koma frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita til ykkar.

Mál nr. 14; Umsögn vegna tilkynningarskyldrar framkvæmdar; Álfheimar og Skógarbrekkur; Skógrækt í Álfadal - 2401048.

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun er varðar tilkynningu um matskyldu vegna skógræktar í Álfdal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn telur að viðkomandi framkvæmdir sem framlögð tilkynning tekur til sé í takt við heimildir, markmið og stefnu aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar skógrækt á landbúnaðarlandi í flokkum L2 og L3. Viðkomandi landsvæði er flokkað sem landbúnaðarland i flokki II, III og IV. Almennir skilmálar aðalskipulags tiltaka að skógrækt er heimil á landbúnaðarlandi í flokkum L2 og L3 og skjólbeltarækt er heimil alls staðar í byggð með ákveðnum takmörkunum s.s. að skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum eða hindri vegsýn. Landgræðsla telst heimil á landbúnaðarsvæðum þar sem hennar gerist þörf. Við skógrækt í námunda við ár- og vatnsbakka verði ekki hindruð frjáls för manna og tekið tillit til mikilvægra vistgerða. Ennfremur er tiltekið um skógræktar- og landgræðslusvæði að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis og að sveitarfélagið muni setja sér stefnu um hvernig það geti orðið kolefnishlutlaust. Sett eru fram markmið um að skógrækt og skjólbeltarækt verði nýtt til að bæta búsetuskilyrði, ræktunarmöguleika og til að mynda skjól. Að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag, mikilvægar vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og ásýnd svæða og að skógor vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði. Að mati sveitarstjórnar teljast viðkomandi framkvæmdir ekki háðar mati á umhverfisáhrifum enda falli svæðið ekki undir 61.gr. náttúruverndalaga og falli ágætlega að markmiðum aðalskipulags sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Iða Marsibil Jónsdóttir

Sveitarstjóri

Sími: 480-5500

Netfang: sveitarstjori@gogg.is

Veffang: www.gogg.is

Borg 805 Selfoss

[Skilmálar/Disclaimer](#)



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2024
MÍ202402-0061/ 6.07 / K.M.

Efni: Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð er skógrækt á þremur sjálfstæðum landspildum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Svæðin sem um ræður eru Álfadalur, sem er 110 ha að stærð, Álfheimar, sem er 70 ha að stærð og Skógarbrekkur, sem er 50 ha að stærð.

Fyrir liggja ræktunaráætlanir fyrir Álfadal og Álfheima frá því í maí á síðasta ári og fyrir Skógarbrekkur dags. 28.12.2023. Í gögnunum kemur fram að svæðið sem um ræðir sé heiðarland sem áður var hluti jarðanna Neðra-Apavatns og Póroddssstaða.

Fjallað er um fornleifar í ræktunaráætlunum. Í ræktunaráætlun Álfheima segir að engar fornminjar séu á svæðinu og að landið hafi verið kannað m.t.t. fornleifa. Vísað er í Minjavefsjá á heimasiðu Minjastofnunar og fornleifaskráningarskýrslu. Þá segir að cf til þess komi að það finnist merki um fornleifar á skógræktarsvæðinu skuli ekki raska þeim og skilja eftir a.m.k. 15 m óhreyft svæði kringum þær. Gæta þurfi þess vel að raska ekki fornleifum við jarðvinnslu, slóðagerð eða gróðursetningu. Í ræktunaráætlun Álfadals er líka vísað í Minjavefsjá á heimasiðu Minjastofnunar og fornleifaskráningarskýrslu. Fram kemur að innan skipulags skógræktarsvæðis séu skráð tófl og kolagröf á Kolgrafarhól. Annars séu engar takmarkanir á landinu. Í ræktunaráætlun Skógarbrekkna segir að ekki verði séð, við yfirlestur um fornleifaskráningu frá árinu 2002 að nokkrar fornleifar séu á því svæði sem skógræktin tekur til.

Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2002, *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi III*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðnum Neðra-Apavatni og Póroddsstöðum. Þegar Minjavefsjá Minjastofnunar er opnuð kemur upp gluggi þar sem bent er á að Minjavefsján sé ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi, sem njóti verndar samkvæmt lögum um menningarminjar. Staðsetning skráðra fornleifa á umræddum jörðum hefur ekki verið færð inn á Minjavefsjána.

Fornleifaskráningin frá 2002 er barn sýns tíma og uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Meginreglan var sú að leitað var að fornleifum sem vísbindingar voru um í skriflegum heimildum eða vegna

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákváðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsjóslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsjóslлага nr. 37/1993 getur aðili máls óskar eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi sílkur rökstuðningur ekki fulgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara hemmi innan 14 daga frá því hún barst.


ábendinga heimildarmanna. Ekki var gengið skipulega um landið í leit að fornleifum. Þá voru fornleifar ekki mældar upp með stafrænum aðferðum eins og gert er í dag. Árið 2018 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafning*. Við þá endurskoðun var heldur ekki gengið skipulega um allar jarðir í sveitarféluginu heldur var hluti þeirra einungis skoðaður á loftmyndum.

Í skýrslunni frá 2018 er listi yfir markverða staði innan sveitarfélagsins. Þar er fjallað um kolagrafir og tóftir við Kolgrafarhól sem rætt er um í ræktunaráætlun Álfadals. Þar er einnig fjallað um fornleifar (ÁR-415:017) í landi Neðra-Apavatns sem líka virðast vera innan skógræktarsvæðisins, á Skógarbrekknasvæðinu. Þarna heitir Stekkatún. Talið er að þar hafi staðið stekkur áður. Þar eru nú tóftir af beitarhúsi sem talið er að hafi verið reist á rústum stekkjарins. Umhverfis tóftina er heillegur garður.

Minjastofnun Íslands telur að fá þurfí fornleifafræðing til að skrá fornleifar á skógræktarsvæðunum. Vakin er athygli á að 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að umhverfis fornleifar skuli vera 15 m friðhelgað svæði nema annað sé ákveðið. Færa þarf staðsetningu og útlínur fornleifa inn á loftmynd/kort og taka tillit til þeirra við skipulagningu skógræktar innan svæðanna.

Minjastofnun Íslands telur að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um fornleifar innan skógræktarsvæðanna og þar með sé ekki hægt að meta áhrif fyrirhugaðrar skógræktar á fornleifar. Stofnunin telur að fyrirhuguð skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlystar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:
Jakob Gunnarsson (jakob.gunnarsson@skipulag.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)



Land og skógur

Umsögn

Tilv. U.265(P)

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

b.t. tengil. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur

sent á póstfangið skipulag@skipulag.is og beint til Þórdísar

Selfossi, 7. febrúar 2024

Efni: **Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Mnr. 14/2024**

Frestur til umsagnar var til 6. febrúar 2024. Óskað var eftir umsögn Landgræðslunnar. *Land og skógur* tók um áramótin við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar.

Undirrituðum er kunnugt um að skógræðingur gerði ræktunaráætlun og var með í ráðum við skrif tilkynningarinnar og undirbúning gagna með henni.

Það er þess vegna mat undirritaðs að rétt sé að stofnun geri engar athugasemdir við tilkynninguna. Stofnunin telur og engu við hana að bæta.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað,
bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson me.b.

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 849-2912



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Selfossi, 6. febrúar 2024

2401110HS SHJ

Efni: Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 8. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar skógræktar í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Um er að ræða þrjár aðliggjandi jarðir, samtals um 230 ha að stærð, þar sem fyrirhuguð er skógrækt til bindingar kolefnis í tengslum við verkefnið Skógarcolefni. Skógrækt er jafnframt stunduð á aðliggjandi jörðum, samtals um 386,5 ha. Mikill hluti fyrirhugaðrar skógræktar er innan fjarsvæðis vatnsverndar fyrir vatnsból VB1, VB3 og VB4 skv. skipulagsuppdrætti með aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, en líttill hluti hennar fer inn á grannsvæði vatnsverndar fyrir vatnsból VB4 sem staðsett er við svæðið norðvestanvert. Ekki stendur til að nota eitur eða varnarefní í skógræktinni og áburðargjöf verður stillt í hóf þannig að plöntur fullnýti þann áburð sem settur er með trjám við gróðursetningu. Þá er ekki gert ráð fyrir geymslum fyrir áburð eða eiturefní innan vatnsverndarsvæða og HSL verður tilkynnt um framkvæmdir við jarðvinnslu og slóðagerð sem og áburðarnotkun innan skógræktarsvæðisins eftir því sem við á.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg sjónræn og staðbundin umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum. Þá telur embættið að vatnsvernd sé ekki stefnt í hættu vegna skógræktarinnar, þrátt fyrir staðsetningu innan vatnsverndarsvæða, gæti framkvæmdaraðili að mengunarvörnum við alla jarðvinnu, gróðursetningu, grisjun og nýtingu skógarins á líftíma hans. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir almennt ekki starfsleyfi fyrir skógrækt en hefur hlutverki að gegna þegar kemur að vörnum gegn mengun vatns, sbr. rgl. 796/1999 um varnir í gegn mengun vatns, þ.m.t. að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt. Getur það m.a. falið í sér útgáfu starfsleyfis vegna losunar mengandi efna eða skólps í vatn, ef um það er að ræða, sem og fyrirmæli um nauðsynlegar varúðarráðstafanir og mengunarvarnir er varða t.d. umferð og framkvæmdir innan vatnsverndarsvæða. Jafnframt getur embættið haft eftirlit með starfsemi og athöfnum sem eru hvorki starfsleyfis- né skráningarskyldar í því skyni að kanna hvort starfsemin eða athafnirnar séu í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða sem settar eru á grundvelli 4. og 5. gr. laganna.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Grímsnes- og Grafningshreppur
Félagsheimilinu Borg
801 SELFOSS

Garðabær, 6. febrúar 2024

Málsnúmer: 202401-0048

BK

Efni: Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 8. janúar 2024, þar sem Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna skógræktar í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Svæðið sem um ræðir er samtals 230 ha að stærð en fyrir er skógrækt á landspildum sem eru samtals 386,5 ha.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tilkynninguna og vill koma eftirfarandi athugasemduum á framfæri:

Af loftmyndum að dæma virðist fyrirhugað skógræktarsvæði vera að mestu leyti óraskað. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) samanstendur svæðið af ýmsum mólendisvistgerðum sem metnar hafa verið með mishátt verndargildi eða frá lágu upp í hátt en hafa ber í huga að mólendi hefur verið skert mikið á Suðurlandi með frístundabyggðum og skógrækt. Inn á milli eru svo votlendari blettir sem flokkast sem starungsmýravist og falla einhverjur þeirra undir sérstaka vernd skv. 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Starungsmýravist hefur mjög hátt verndargildi.

Reikna má með því að slík mósaík vistgerða standi undir miklu fuglalífi. Lilja Jóhannesdóttir o.fl. (2014) könnuðu þéttleika átta algengustu tegunda mófugla (sjö vaðfuglategundir og ein spörfuglategund) í helstu vistlendum Suðurlands og að meðaltali voru 481 fuglar/km² í ríku móлendi og 640 fuglar/km² í votlendi.

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og má þar nefna Samning Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) og Bernarsamninginn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu.

Í því ljósi er nauðsynlegt að samræma markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Á þetta er bent í skýrslu Milliríkjanefnar Sameinuðu þjóðanna (IPPC) (Pörtner o.fl. 2021) þar sem m.a. er varað við því að mótvægisáðgerðir sem fela í sér kolefnisbindingu með lífmassa, svo sem stórfelld skógrækt, geta verið skaðlegar fyrir líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega ef notaðar eru framandi tegundir sem reynast ágengar, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru hérlendis (Pawel Wasowicz o.fl. 2022).

Þá var nýlega samþykkt Rammasamkomulag um verndun líffræðilegrar fjölbreytni til ársins 2030 á fundi aildarþjóða Samnings Sameinuðu þjóðanna og þar var m.a. lögð áhersla á að koma verði í veg fyrir að loftslagsáðgerðir hafi neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni.



Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gifurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til ábyrgðartegunda Íslands þar sem hátt hlutfall af Evrópustofnum þeirra nýta Ísland til varps. Umrætt svæði er einnig það dreifþýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggendum búsvæðum. Þar kemur m.a. aukin skógrækt við sögu en langflestar vaðfuglategundir þrifast ekki í skóglendi (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Skógrækt hefur einnig jaðaráhrif á vaðfugla sem nær töluberða vegalengd út frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki flestra vaðfugla er lægri nær skóginum en fjær (Pálsdóttir o.fl. 2022). Þessi áhrif gera það að verkum að sú aðgerð að skilja eftir votlendisbletti innan skógræktar gagnast flestum tegundum vaðfugla lítið nema um sé að ræða því mun stærri votlendisfláka.

Náttúrufræðistofnun vill leggja á það áherslu að síaukið búsvæðatap vaðfugla mun með tímanum óhjákvæmilega leiða til fækkanar í stofnum þeirra.

Sökum umfangs framkvæmda á lítt röskuðu landi með miklu fuglalífi hefði fyrirliggjandi skógræktarsvæði tvímælalaust átt að fara í umhverfismat áður en hafist var handa. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að umhverfismat skuli fara fram áður en lengra er haldið í óafturkræfum breytingum á svæðinu.

Heimildir:

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

Pawel Wasowicz, Guðrún Óskarsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir (mar. 2022). Stafafura (*Pinus contorta*) í Steinadal - mat á ágengni. Icelandic Institute of Natural History, bls. 1–35.

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Pörtner, H.O., R.J. Scholes, J. Agard et al. 2021. Scientific outcome of the IPBES-IPCC co-sponsored workshop on biodiversity and climate change. Útg. 5. doi: 10.5281/zenodo.5101125. url: <https://doi.org/10.5281/zenodo.5101125>

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Þórdís Stella Erlingsdóttir,
Sérfræðingur, Svið umhverfismats
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is



Umsögn vegna tilkynningarskyldrar framkvæmdar um Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Mál nr. 0014/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningarskylda framkvæmd fyrir Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Kynningargögn eru tilgreind í bréfi, frá framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar dags 8.01.202.

Síða 1/1

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í matsáætlun og væntir samráðs á síðari stigum skipulags vegna þeirra þátta sem snúa að starfssviði Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is